

ÁRSSKÝRSLA 2024

Ársfundur 5. júní 2025

Ársskýrsla 2024

© Fræðslusetrið Starfsmennt, júní 2025

Ábyrgð: Guðfinna Harðardóttir

Skipholti 50b

105 Reykjavík

Sími 550 0060

Netfang: smennt@smennt.is

Veffang: www.smennt.is

EFNISYFIRLIT

1.	Starfsárið 2024 í stuttu máli	2
2.	Starfsmennt er samstarfsvettvangur um hæfnipróun	3
	Aðild og samningar við sjóði.....	3
	Stjórn og starfsfólk	3
	Gæðavottanir og viðurkenningar	4
3.	Framboð fræðslu, skráningar og þátttaka	5
	Heildarframboð, skráningar og þátttaka	5
	Skráning eftir stéttarfélagsaðild og vinnustað	6
	Stofnanánám – samstarf við stofnanir um nám og fræðslu	7
	Vefnám – staðnám – blandað nám	8
4.	Innihald og umfang fræðslu	9
	Umfang fræðslu reiknað í nemendastundum	9
5.	Ráðgjöf á sviði fræðslu og mannauðsefningar	11
	Ráðgjöf til einstaklinga	11
	Ráðgjöf til stofnana – <i>Ráðgjafi að láni</i>	12
6.	Próunarverkefni, samstarf og kynningar	13
	Samstarf um þróun fullorðinsfræðslu og mannauðsstjórnun.....	13
	Fréttabréf og kynningar.....	13
7.	Fjármögnun og rekstur	15
	Hlutfallsleg skipting kostnaðar þjónustuliða	15
	Útgjöld vegna náms og fræðslu.....	16
	Viðauki – yfirlit yfir nám og fræðslu árið 2024	17

1. STARFSÁRIÐ 2024 Í STUTTU MÁLI

Heildarskráningar í nám og fræðslu árið 2024 námu næstum 3.960 sem er ríflega 270 fleiri en árið á undan. Fjöldi viðburða og fræðslutilboða á vettvangi Starfsmenntar var þó nokkru meiri en árið á undan eða 435 árið 2024 á móti 365 árið 2023. Starfsmennt veitti 16 stofnunum þjónustu um fræðslu og þjálfun fyrir starfsfólk á árinu 2024 sem er fjölgun frá fyrra ári þegar 14 stofnanir fengu slíka þjónustu. Skráningar í stofnananám voru nærri 1.900 eða tæplega helmingur heildarskráninga í nám og fræðslu.

Áfram var lögð áhersla á að bjóða breitt úrval fræðslu sem endurspeglar þarfir og almenna þróun í starfsumhverfi opinbers starfsfólks. Framboð á námskeiðum um gervigreind og hagnýtingu hennar jókst mjög en einnig bauð Starfsmennt upp á námskeið sem tengjast ábyrgri notkun gervigreindar og fjalla um siðfræði og netöryggi.

Geðheilbrigðismál voru þó nokkuð til umræðu á árinu og var septembermánuður tileinkaður vitundarvakningu um geðrækt. Starfsmennt bauð upp á námskeið um geðheilsu og hélt vinnustofu fyrir stjórnendur um efnið í samvinnu við Mental ráðgjöf. Fleiri námskeið voru haldin til að styðja við inngildingu og auka skilning á margbreytileikanum eins og námskeið um fordóma og inngildingu, fræðslu um málefni hinsegin fólks og hvernig hægt er að skapa styðjandi umhverfi fyrir trans fólk á vinnumarkaði.

Árið 2024 voru unnin tvö verkefni á sviði þróunar náms, annað í samstarfi við velferðarsvið Reykjavíkurborgar og hitt í samstarfi við Landspítala – háskólasjúkrahús. Bæði verkefnin fólu í sér að vinna lýsingar á námi til að efla hæfni starfsfólks sem sinnir umönnunarstörfum.

Tvö verkefni voru unnin í samvinnu við mannauðsdeild Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og fólust þau annars vegar í að aðstoða við að útbúa starfsþróunarstefnu og starfsþróunaráætlun og hins vegar að styðja mannauðsdeildina við að koma á fót samræmdu ferli við móttöku nýliða hjá embættinu.

Verkefni á sviði þarfagreiningar fræðslu voru nokkur. Lokið var við að greina fræðsluþarfir starfsfólks Hljóðbókasafns Íslands en það verkefni hófst í árslok 2023. Kortlagning fræðsluþarfa starfsfólks, sem starfar á frístundaheimilum og í félagsmiðstöðvum á skóla- og frístundarsviði Reykjavíkurborgar, fór fram á vormánuðum og í samstarfi við Háskóla Íslands fór fram kortlagning á fræðsluþörfum starfsfólks á framkvæmda- og tæknisviði og á upplýsingatæknisviði.

Verkefni um hæfnigreiningu starfa lauk í árslok. Upphaflega stóð til að greina hæfnikröfur fjögurra starfa þ.e. stuðningsfulltrúa í skólum, skólaritara, umsjónarmanna fasteigna og skólaliða í grunnskólum en því síðastnefnda var ekki hægt að ljúka þar sem ekki náðist næg þátttaka í greiningarvinnuna. Starfaprófilar þriggja starfa liggja því fyrir sem og drög að matslistum á móti hæfnikröfum starfanna en slíkir matslistar geta nýst í raunfærnimati á móti viðmiðum starfa. Verkefnið var unnið í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífs og með styrk frá starfsmenntunarsjóðum.

Þing BSRB og Mannauðsdagurinn voru haldin í október 2024 og var Starfsmennt á báðum stöðum til að kynna starfsemi sína. Þá birtust auglýsingar frá Starfsmennt bæði í Skólablaði Morgunblaðsins og Heimildinni og sérstakri útgáfu Morgunblaðsins í tilefni Mannauðsdagsins.

Um miðjan júní 2024 var gengið frá nýjum kjarasamningi milli Reykjavíkurborgar og Sameykis og við það lauk beinni aðild borgarinnar að samstarfi á vettvangi Starfsmenntar. Meginþáttur breytinganna er að beinar iðgjaldagreiðslur falla niður sem og þjónusta við stofnanir borgarinnar. Starfsfólk Reykjavíkurborgar mun áfram geta sótt fræðslu og nám á vettvangi Starfsmenntar og verður sú þátttaka greidd af Fræðslusjóði Sameykis. Samkvæmt samkomulagi Sameykis og Reykjavíkurborgar og með samþykki stjórnar Starfsmenntar mun Fræðslusetrið greiða bæði svokallað leiðréttingarframlag til Torgssjóðs, sem styrkir mannauðstengd verkefni starfseininga og sviða Reykjavíkurborgar, sem og endurgreiða borginni iðgjöld frá 1. apríl 2024.

Breytingar urðu í stjórn Starfsmenntar á haustmánuðum þegar Jóhanna Þórdórsdóttir tók sæti formanns í stað Þórarins Eyfjörð en Jóhanna hafði verið varamaður í stjórn um nokkurt skeið. Þá hætti Þórveig Þormóðsdóttir einnig sem varamaður svo stéttarfélögin skipuðu tvo nýja varamenn, þá Egil Kristján Björnsson f.h. Sameykis og Grétar Miller f.h. Félags flugmálastarfsmanna ríkisins.

2. STARFSMENNT ER SAMSTARFSVETTVANGUR UM HÆFNIÞRÓUN

Fræðslusetrið Starfsmennt var stofnað árið 2001 sem samstarfsvettvangur um hæfniþróun opinbers starfsfólks. Hlutverk Starfsmenntar eru að

- bjóða opinberum starfsmönnum víðtæka möguleika til menntunar og þroska.
- aðstoða stjórnendur við mótun vinnustaðamenningar og starfsumhverfis sem miðar að því að auka ánægju og hvatningu í starfi.

Starfsmennt rækir þessi hlutverk sín með því að bjóða upp á ýmis konar starfstengd námskeið í samvinnu við fjöldann allan af kennurum og fræðsluaðilum. Einnig býður Starfsmennt einstaklingum að sækja þjónustu náms- og starfsráðgjafa til að ræða málefni sem tengjast símenntun og starfsþróun.

Stofnanir geta sótt ýmis konar aðstoð til Starfsmenntar eins og við að greina fræðsluþarfir, gera fræðsluáætlanir og að halda utan um framkvæmd fræðslu í svokölluðu stofnanaári.

Aðild og samningar við sjóði

Nám og ráðgjöf Starfsmenntar eru stofnunum og starfsfólki ríkis, sveitarfélaga og sjálfseignarstofnana að kostnaðarlausu ef um er að ræða þjónustu við starfsfólk sem er félagsfólk í aðildarfélögum Fræðslusetursins og starfar eftir þeim kjarasamningum þar sem kveðið er á um iðgjaldagreiðslur til Starfsmenntar.

Að auki hafa verið gerðir samstarfssamningar við ýmsa sjóði til að fleiri hópar geti nýtt sér fræðsluna. Sjóðirnir eru:

- Mannauðssjóðurinn Hekla (áður mannauðssjóðir KJALAR, Samflots og KSG)
- Ríkismennt
- Sveitamennt
- Starfsþróunarsetur háskólamanna
- Fræðslusjóður Sameykis (undirritaður í febrúar 2025)

Samstarfið felur í sér að Starfsmennt sækir greiðslur vegna þátttöku félagsfólks til sjóðanna. Fyrirkomulagið liðkar mjög fyrir markvissu og sveigjanlegu fræðslustarfi sér í lagi hjá stofnunum þar sem stundum þarf að bregðast hratt við til að fræðslan geti tekið á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni.

Stjórn og starfsfólk

Stjórn Starfsmenntar er skipuð eigendum setursins til jafns, tveimur fulltrúum frá stéttarfélögum og tveimur fulltrúum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti. Árið 2024 létu Þórarinn Eyfjörð og Þórveig Þormóðsdóttir af störfum hjá stéttarfélögunum og hættu þar með í stjórn Starfsmenntar. Jóhanna Þórdórsdóttir tók sæti formanns í stað Þórarins en Jóhanna hafði verið varamaður f.h. Sameykis. Tveir nýir varamenn voru skipaðir af stéttarfélögunum, þeir Egill Kristján Björnsson og Grétar Miller. Stjórn var svo skipuð árið 2024:

Aðalmenn

- Jóhanna Þórdórsdóttir, formaður (Sameyki – stéttarfélag í almannaðjónustu)
- Einar Mar Þórðarson varaformaður (fjármála- og efnahagsráðuneyti)
- Arna Jakóbína Björnsdóttir (KJÖLUR – stéttarfélag starfsmanna í almannaðjónustu)
- Ásta Einarsdóttir (fjármála- og efnahagsráðuneyti)

Varamenn

- Egill Kristján Björnsson (Sameyki – stéttarfélag í almannaðjónustu)
- Grétar Miller (Félag flugmálastarfsmanna ríkisins)
- Halldóra Friðjónsdóttir (fjármála- og efnahagsráðuneyti)
- Valgeir Þór Þorvaldsson (fjármála- og efnahagsráðuneyti)

Stjórn hélt alls sjö fundi á árinu. Ársfundur var haldinn 2. september og jólafundur 9. desember og tóku varamenn þátt í báðum þeim fundum.

Árið 2024 voru starfsmenn alls sjö í 6,3 stöðugildum. Engar breytingar voru í starfsmannahópnum sem telur Björgu Valsdóttur, Guðfinnu Harðardóttur, Guðrúnu Örnu Gylfadóttur, Helgu Rún Runólfsdóttur, Ingibjörgu Hönnu Björnsdóttur, Soffíu Guðnýju Santacroce og Sólborgu Öldu Pétursdóttur.

Skoðunarmenn ársreikninga og löggiltir endurskoðendur voru frá endurskoðunarskrifstofunni Endurskoðun & ráðgjöf ehf.

Gæðavottanir og viðurkenningar

Fræðslusetrið Starfsmennt uppfyllir skilyrði um að teljast viðurkenndur framhaldsfræðsluaðili með staðfestingu frá Menntamálastofnun frá því í nóvember 2022 og gildir hún til þriggja ára.

Starfsmennt er einnig með EQM+ gæðavottun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til þriggja ára með gildistíma frá 1. janúar 2025. EQM+ gæðaviðmiðin eru sérstaklega hönnuð fyrir fræðsluaðila utan formlega skólakerfisins og ná til þriggja meginviða:

- Hönnun og framkvæmd náms
- Náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna
- Raunfærnimat

Að auki er Starfsmennt með viðurkenningu sem aðili að Erasmusplus (e. *accreditation*) vegna náms- og þjálfunarverkefna í Erasmusplus áætlun ESB. Slík aðild krefst þess að Starfsmennt sé með áætlun um evrópskt samstarf og geri grein fyrir því í umsókn um aðild hvernig Fræðslusetrið hyggst nýta erlent samstarf til eflingar hæfni starfsfólks, stjórnar og hagsmunaaðila og nýta þann lærdóm sem fæst úr slíku samstarfi til enn frekari þróunar á starfinu.

3. FRAMBOÐ FRÆÐSLU, SKRÁNINGAR OG ÞÁTTTAKA

Starfsmennt býður upp á margs konar nám, fræðslu og viðburði og er hluti framboðsins opinn öllum en annað einungis ætlað félagsfólki aðildarfélaga Fræðslusetursins, tilteknum starfshópum eða starfsfólki tiltekinna stofnana. Meirihluti viðburða fer fram á netinu ýmist í rauntíma, í streymi eða í sjálfstýrðu vefnámi.

Heildarframboð, skráningar og þátttaka

Árið 2024 voru námstilboð og viðburðir á vegum Starfsmenntar alls 435 eða nærri fimmtungi fleiri en árið á undan. Skráningum fjölgaði einnig milli ára um ríflega 270 eða 7% og voru í heildina rétt tæplega 3.960, sjá nánar í töflu 1.

Tafla 1. Nám, námsleiðir og viðburðir á vegum Starfsmenntar, framboð og skráningar 2020-2024				
	Framboð		Skráning ¹	
	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári	Fjöldi	Breyting frá fyrra ári
Árið 2024	435	19%	3.958	7%
Árið 2023	365	-4%	3.686	-8%
Árið 2022	381	-10%	3.987	-34%
Árið 2021	425	61%	6.035	94%
Árið 2020	264	-9%	3.107	14%

Stundum vill verða að ekki náist full þátttaka og því getur þurft að fella niður námskeið. Árið 2024 þurfti í heildina að fella niður 82 námskeið og afboða 37 manns. Heildarfjöldi þátttakenda árið 2024 varð því 3.921 á móti 3.461 árið á undan sem er um 13% aukning milli ára, sjá töflu 2.

Tafla 2. Framboð og raunfjöldi þátttakenda árið 2024		
	Framboð	Fjöldi þátttakenda
Haldin námskeið og viðburðir	353	3.921
Námskeið og viðburðir felldir niður	82	37
Alls viðburðir og skráningar	435	3.958

Starfsmennt hefur umsýslu með námskeiðum fyrir trúnaðarmenn Sameykis og á árinu 2024 voru skipulögð og haldin sex námskeið fyrir trúnaðarmenn í samvinnu við stéttarfélagið með 76 þátttakendum í heildina².

¹ Gerður er greinarmunur á skráningum og þátttöku að því leyti að skráningar ná yfir allt framboð hvort sem námskeið eða viðburðir voru haldin eður ei, en þátttaka nær einungis yfir þá viðburði (námskeið/námsleiðir/fyrirlestra/viðburði/verkefni) sem voru framkvæmdir.

² Tölur yfir námskeið fyrir trúnaðarmenn eru ekki teknar með í öðrum tölum um starfsemina.


Skráning eftir stéttarfélagsaðild og vinnustað

Nám og fræðsla á vegum Starfsmenntar er félagsfólki aðildarfélaga og samstarfssjóða að kostnaðarlausu en aðrir greiða námskeiðsgjöld. Samstarfssjóðir Starfsmenntar árið 2024 voru mannauðssjóðir KJALAR, Samflots og KSG¹, Ríkismennt, Sveitamennt og Starfsþróunarsetur háskólamanna. Ekki er gerður greinarmunur á félagsfólki eftir því hvort það á rétt hjá samstarfssjóðum eða er með beina aðild að Starfsmennt á grundvelli kjarasamninga.

Af heildarfjölda skráninga í nám og á viðburði á vegum Starfsmenntar árið 2024 voru 44% úr röðum félagsfólks Sameykis. Um 10% skráninga eru frá félagsfólki aðildarfélaga Samflots, 9% frá félagsfólki bæjarstarfsmannafélaga Kópavogs, Suðurnesja og Garðabæjar (KSG), 4% er félagsfólk KJALAR og um 26% skráninga eru frá félagsfólki aðildarfélag BHM. Nánari skiptingu skráninga eftir stéttarfélagsaðild er að finna í töflu 3.

Tafla 3. Fjöldi og hlutfallsleg skipting skráninga eftir stéttarfélögum árin 2023 og 2024					
	Árið 2024		Árið 2023		Hlutfallsleg breyting milli ára
	Skráningar alls	Hlutfall af heildar-skráningu	Skráningar alls	Hlutfall af heildar-skráningu	
Sameyki	1.728	44%	1.661	45%	4%
FFR	53	1%	70	2%	-24%
FSS	67	2%	22	1%	205%
KJÖLUR	149	4%	185	5%	-19%
KSG	358	9%	451	12%	-21%
Samflot	410	10%	429	12%	-4%
BSRB	20	1%	34	1%	-41%
ASÍ	26	1%	61	2%	-57%
BHM	1.016	26%	602	16%	69%
Aðrir	131	3%	171	5%	-23%
Alls	3.958	100%	3.686	100%	7%

Hlutfall skráninga eftir vinnustað árið 2024



Við skráningu í nám er almennt óskað eftir upplýsingum um vinnustað þátttakenda. Ekki er þó skylda að skrá þessar upplýsingar en langflestir þátttakendur gera það engu að síður og eru niðurstöðurnar byggðar á þeim upplýsingum. Meirihluti þátttakenda í námi og fræðslu á vegum Starfsmenntar árið 2024 var starfandi á ríkisstofnunum, um þriðjungur var starfsfólk sveitarfélaga og 7% störfuðu hjá sjálfseignarstofnunum eða fyrirtækjum á almennum markaði.

¹ Mannauðssjóðirnir þrír voru sameinaðir í árslok 2024 í einn sjóð, Mannauðssjóðinn Heklu, sem tekur yfir skuldbindingar sjóðanna frá og með 1.janúar 2025.

Stofnananám - samstarf við stofnanir um nám og fræðslu

Starfsmennt vinnur með stofnunum ríkis og sveitarfélaga við þróun og uppsetningu náms og fræðslu fyrir starfsfólk þeirra og eru slík námskeið félagsfólki aðildarfélaga og samstarfsaðila Fræðslusetursins að kostnaðarlausu en stofnanirnar greiða fyrir starfsfólk sitt sem fellur utan þessa hóps.

Árið 2024 voru í heildina skipulögð 129 námskeið í samvinnu við 16 stofnanir á móti 156 námskeiðum í samvinnu við 14 stofnanir¹ árið á undan. Þátttakendur í stofnananámi voru þó fleiri árið 2024 eða nærri 1.900 á móti um 1.800 árið 2023. Innihald fræðslunnar er af ýmsu tagi og er fjallað um það nánar í kafla 4 og í viðauka. Yfirlit yfir samstarf við stofnanir árið 2024 er að finna í töflu 4.

Tafla 4. Samstarf við stofnanir um nám og fræðslu árið 2024				
Stofnun	Námskeið skipulögð	Fjöldi skráninga	Námskeið haldin	Fjöldi þátttakenda
Dómsstólasýslan	15	74	9	68
Fangelsismálastofnun	13	65	6	63
Fjársýsla ríkisins	9	214	9	214
Framhaldsskólarnir	1	13	1	13
Háskóli Íslands	1	14	1	14
Hljóðbókasafn Íslands	2	14	2	14
Landhelgisgæslan	9	18	7	18
Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu	2	25	2	25
Samgöngustofa	1	13	1	13
Skatturinn	6	186	6	186
Sýslumenn	29	506	25	506
Fríhöfnin	5	89	5	89
ISAVIA	1	17	1	17
Reykjavíkurborg	2	35	2	35
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu	31	588	29	574
Suðurnesjabær	2	26	2	26
Alls	129	1.897	108	1.875

Markvisst fræðslustarf næst með öfluglu fræðsluteymi

Þegar farið er í samstarf um stofnananám hvetur Starfsmennt stofnanir til að setja á laggirnar svokallað fræðsluteymi en í slíku teymi eiga sæti fulltrúar frá stofnun annars vegar og Starfsmennt hins vegar. Teymið hefur það hlutverk að leiða verkefnið f.h. beggja aðila, tryggja gott flæði upplýsinga á milli aðila og innan hlutaðeigandi stofnunar, sjá til þess að framkvæmd verkefnis verði í samræmi við markmið og halda utan um kynningar á verkefninu og afurðum þess.


Það hefur sýnt sig að öflugir fulltrúar stofnunar í fræðsluteymi og skýr stuðningur stjórnenda við fræðsluverkefni geta haft afgerandi áhrif á hversu vel tekst til.

¹ Sýslumannsembættin eru talin sem ein stofnun þar sem námið er iðulega skipulagt fyrir öll embættin í einu að beiðni Sýslumannaráðs. Sama gildir um stofnanir sveitarfélaga sem falla undir samvinnu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Vefnám - staðnám - blandað nám

Vefnám getur bæði verið utan rauntíma, þar sem þátttakandi stýrir sjálfur ferðinni, en einnig í streymi í rauntíma sem krefst þess að fólk mæti á tilgreindum tíma. Í sumum tilvikum er streymið tekið upp og þátttakendum gefst tækifæri til að nálgast upptöku í ákveðinn tíma eftir að námskeið fór fram.

Árið 2024 sóttu 72% þátttakenda nám og fræðslu á vef sem er aukning frá fyrra ári þegar 61% þátttakenda sóttu fræðsluna á vefnum. Að sama skapi lækkar hlutfall þeirra sem sóttu fræðslu í staðnámi milli ára og fer úr 35% árið 2023 í 28% árið 2024. Nám á blandaðan máta mælist varla en einungis 16 þátttakendur sóttu blandað nám árið 2024 á móti 122 árið 2023.



4. INNIHALD OG UMFANG FRÆÐSLU

Þjónusta Starfsmenntar snýr annars vegar að einstaklingum og hins vegar að stofnunum. Stofnanaþátturinn er oft á tíðum mjög sérhæft enda sniðið að sérstökum þörfum einstakra stofnana. Einstaklingsnámið er margbreytilegra en miðar allt að því að efla fólk í starfi. Til að viðhalda margbreytileikanum á Starfsmennt í samstarfi við fjölmarga fræðsluaðila um allt land og eins lætur Starfsmennt sérhanna fræðslu til að mæta fjölbreyttum þörfum og gildir það bæði fyrir einstaklinga og stofnanir.

Á hverju ári rýnir Starfsmennt ýmis gögn til að geta betur gert sér grein fyrir hvaða áskorunum stofnanir og starfsfólk standa frammi fyrir. Í kjölfarið velur stjórn Starfsmenntar megináherslur hvers árs og voru megináherslur árið 2024 þessar:

- Íslenska sem annað mál
- Leiðtogaþæfni þvert á starfshópa
- Gervigreind og hagnýting hennar

Þetta þýðir að Starfsmennt leitaðist árið 2024 við að bæta við námskeiðum sem falla að megináherslum en einnig var áfram á fræðsluhlaðborðinu ýmis konar nám sem hefur verið á boðstólnum áður. Þá er ávallt fyrir hendi sveigjanleiki til að bæta við á hlaðborðið fræðslu sem á erindi við markhóp Starfsmenntar hverju sinni.

Umfang fræðslu reiknað í nemendastundum

Í fyrsta sinn setur Starfsmennt fram yfirlit yfir umfang fræðslunnar talið í nemendastundum en þær eru reiknaðar þannig að fjöldi þátttakenda er margfaldaður með lengd fræðslunnar hverju sinni. Umfangið segir því til um tímann sem hefur farið í fræðsluna og er að því leyti annars konar mælikvarði en þegar þátttakendafjöldi er talinn. Heildarfjöldi nemendastunda árið 2024 nam rétt tæplega 27.500.

Árið 2024 voru þátttakendur í stofnanaþáttum næstum jafnmargir og í einstaklingsnámi eða 1.875 á móti 2.046. Þegar þátttakan er skoðuð út frá nemendastundum er myndin önnur. Þannig nam nám einstaklinga ríflega 70% af heildarumfangi árið 2024 en fræðsla skipulögð fyrir stofnanir var um 30% af heildarumfangi. Þetta þýðir að sú fræðsla sem stofnanir skipuleggja fyrir starfsfólk sitt er alla jafna styttri en námið sem einstaklingar velja sér.

Þegar skráningar, þátttaka og umfang er skoðað eftir innihaldi fræðslunnar þá sker stafræna hæfnin sig frá öðrum. Þannig eru langflestar skráningar í fræðslu um notkun á ýmsum forritun, gervigreind og stafrænu öryggi og umfang þessarar fræðslu nemur um 45% af heildarumfangi fræðslunnar árið 2024.

Nám framhaldsfræðslunnar nemur um fimmtungi af heildarumfangi fræðslunnar en þar vegur þýngst námsleiðin *Fagnám í umönnun fatlaðra* sem er 324 klst langt nám. Námskeið á sviði þjónustustjórnunar nema 10% af heildarumfangi, sérhæfð fræðsla, sem fer helst fram hjá stofnunum, nemur 8% af heildarumfangi og ýmis konar námskeið á sviði stjórnunar, samskipta og heilbrigðs vinnuumhverfis nema 6% af heildarumfangi náms árið 2024.

Í töflu 5 eru samandregnar upplýsingar um fjölda skráninga, þátttöku og nemendastundir eftir megininnihaldi námsins og í viðauka má finna nánari upplýsingar um þá fræðslu sem var í boði árið 2024.

Tafla 5. Skráningar, þátttaka og nemendastundir eftir innihaldi fræðslu árið 2024

	Skráningar	Þátttaka			Nemendastundir			
		Einst.	Stofn.	Alls	Einst.	Stofn.	Alls	Hlutfall
Bókhald, fjármál og opinber innkaup	339	259	71	330	602,0	142,0	744,0	3%
Kjara- og starfsmannamál	219	219	–	219	702,5	–	702,5	3%
Opinber stjórnsýsla og skjala- og gæðastjórnun	198	32	166	198	153,0	223,5	376,5	1%
Stjórnun, samskipti og heilbriggt vinnuumhverfi	768	445	310	755	1.065,5	708,0	1.773,5	6%
Þjónustustjórnun	376	105	271	376	1.102,0	1.708,5	2.810,5	10%
Tölvur og upplýsingatækni	865	520	343	863	8.862,0	2.922,0	11.784,0	43%
Gervigreind og stafrænt öryggi	159	159	–	159	433,0	–	433,0	2%
Verkefnastjórnun	31	24	7	31	96,0	10,5	106,5	0%
Inngilding og menningarnæmi	216	120	96	216	246,0	265,0	511,0	2%
Íslenska sem annað mál	19	19	–	19	522,0	–	522,0	2%
Nám framhaldsfræðslu og framhaldsskóla	85	85	–	85	5.460,0 ¹	–	5.460,0	20%
Sérhæft nám	645	34	598	632	182,5	2.013,0	2.195,5	8%
Samtal um starfsþróun	38	25	13	38	25,0	13,0	38,0	0%
Alls	3.958	2.046	1.875	3.921	19.451,5	8.005,5	27.457,0	100%
Hlutfall	100%	52%	48%	100%	71%	29%	100%	

¹ Nemendastundir eiga einungis við um nám framhaldsfræðslunnar þar sem Starfsmennt fær ekki upplýsingar um fjölda stunda sem einstaklingar ljúka í framhaldsskólum.

5. RÁÐGJÖF Á SVIÐI FRÆÐSLU OG MANNAUÐSEFLINGAR

Starfsmennt býður stofnunum og einstaklingum stuðning við verkefni á sviði hæfnieflingar og starfsþróunar.

Félagsfólk aðildarfélaganna BSRB getur nýtt sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa Starfsmenntar við að fá upplýsingar um margvíslegar leiðir til hæfnieflingar og starfsþróunar. Ráðgjöfinni er ætlað að auðvelda fólki að átta sig á styrkleikum sínum, færni og áhuga til að eiga hægara með að ákveða stefnu í lífi, námi og starfi. Ráðgjöfin er ekki hugsuð til að mennta fólk úr störfum eða umbylta lífi einstaklinga en dæmi eru um að fólk hafi uppgötvað hulin áhugasvið sem það svo nærði betur og náði þannig fram aukinni lífsfyllingu. Þjónustan er að hluta til fjármögnuð úr Fræðslusjóði sem byggir á ákvæðum laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.

Stofnanir geta fengið *Ráðgjafa að láni* til að aðstoða við verkefni sem tengjast fræðslu og mannauðseflingu og hafa m.a. það markmið að vekja vitund um mikilvægi símenntunar og styðja við stefnumiðaða starfsþróun innan stofnana. Þá eru ráðgjafar Starfsmenntar ávallt reiðubúnir í spjall um ýmis konar mannauðstengd málefni og veita upplýsingar um hvar hægt er að leita frekari aðstoðar við slík mál.

Ráðgjöf til einstaklinga

Heildarfjöldi einstaklingsviðtala var 25 árið 2024 sem er töluverð fækkun frá árinu á undan þegar þau voru 70. Engin ein útskýring er á fækkuninni því kynningar á þjónustunni voru síst færri en árið á undan. Konur eru enn í meirihluta þeirra sem sækja sér þjónustuna eða 80% og félagsfólk Sameykis skipar stærstan hluta þeirra sem áttu samtal við náms- og starfsráðgjafa eða 92%. Hlutfallsleg skipting eftir aldri sýnir að fleiri í eldri hópi eru að sækja sér þjónustuna en verið hefur því árið 2024 var ríflega helmingur ráðþega eldri en 50 ára. Ríflega helmingur ráðþega var að sækjast eftir upplýsingum um nám og námskeið en næstalgengast var að fá aðstoð við að greina áhugasvið sín og leita eftir leiðum til sjálfsstyrkingar. Aðeins 16% viðtala fóru fram á rafrænan máta en flestum hugnast best að eiga staðbundið samtal við ráðgjafa. Sjá nánari samantekt í töflu 6.

Tafla 6. Fjöldi ráðgjafaviðtala árin 2024 og 2023 eftir kyni, aldri, stéttarfélagi og niðurstöðu viðtals					
		Árið 2024		Árið 2023	
		Fjöldi viðtala	Hlutfall	Fjöldi viðtala	Hlutfall
Kyn	Kona	20	80%	60	86%
	Karl	5	20%	10	14%
Aldur	Yngri en 35 ára	8	32%	10	14%
	35-50 ára	4	16%	33	47%
	51-65 ára	13	52%	27	39%
Stéttarfélag	Sameyki	23	92%	52	74%
	BSRB - aðrir	2	8%	16	23%
	Utan BSRB	—	—	2	3%
Niðurstaða viðtals	Aðstoð við gerð ferilskrár vegna starfsleitar	3	12%	3	4%
	Áhugasviðsgreining	5	20%	12	17%
	Sjálfsstyrking	4	16%	5	7%
	Upplýsingar um nám og námskeið	13	52%	50	71%
Form viðtals	Staðbundin viðtöl	21	84%	51	73%
	Rafræn viðtöl	4	16%	19	27%

Ráðgjöf til stofnana - Ráðgjafi að láni

Ráðgjafi að láni (RaL) er þjónusta sem Starfsmennt býður stofnunum og er markmið hennar að aðstoða stofnanir í verkefnum sem miða að því að auka hæfni starfsfólks. Verkefnin geta verið margvísleg og falist m.a. í að greina hæfnikröfur starfa og fræðsluþarfir starfsfólks og starfahópa. Einnig getur stuðningurinn falist í að hanna fræðslu, setja upp fræðsluáætlun og koma fræðslu og þjálfun í framkvæmd með því að annast umsýslu og utanumhald. Leiðbeinendur og kennarar geta verið sérfræðingar innan stofnunar eða utanaðkomandi sérfræðingar, allt eftir hentugleika og markmiðum fræðslunnar hverju sinni. Í köflum 3 og 4 er fjallað um fjölda fræðsluviðburða sem voru skipulagðir í samstarfi við stofnanir en auk þeirra voru eftirfarandi verkefni unnin árið 2024 og fólust þau bæði í þróun náms og kortlagningu á fræðsluþörfum starfsfólks eða starfahópa:

Hljóðbókasafn

Greining fræðsluþarfa starfsfólks og tillögur settar fram um fræðslu.

Verklök: Janúar 2024.

Reykjavíkurborg¹ - Skóla- og frístundasvið

Greining fræðsluþarfa starfsfólks sem starfar á frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og í sértækum frístundaúrræðum og tillögur settar fram um fræðslu.

Verklök: Júní 2024.

Reykjavíkurborg - Velferðarsvið

Í samvinnu við velferðarsvið Reykjavíkurborgar vann Starfsmennt lýsingu á 40 klst námi fyrir starfsfólk sviðsins sem sinnir stuðningi og umönnun við eldra fólk, fatlaða og heimilislaust fólk, börn og fjölskyldur.

Verklök: Ágúst 2024.

Háskóli Íslands - Framkvæmda- og tæknisvið

Greining fræðsluþarfa og tillögur settar fram um fræðslu.

Verklök: Júlí 2024.

Háskóli Íslands - Upplýsingatæknisvið

Greining fræðsluþarfa og tillögur settar fram um fræðslu.

Verklök: Nóvember 2024.

Landspítali - háskólasjúkrahús

Verkefnið fólst í að vinna viðbót við 35 kennslustunda (kest) námslínu fyrir starfsfólk við umönnun á Landspítala. Hugmyndin var að heildarlengd námsins með viðbótinni yrði 60 kest og nýttist ófaglærðu starfsfólki.

Verklök: Nóvember 2024.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Tvö verkefni voru unnin í samvinnu við mannauðsdeild Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og fólst annað þeirra í að aðstoða við að útbúa starfsþróunarstefnu og starfsþróunaráætlun m.a. út frá niðurstöðum úr þarfagreiningu fræðslu sem unnin var árið 2023. Verklök voru í október 2024.

Hitt verkefnið fólst í að styðja mannauðsdeildina við að koma á fót samræmdu ferli við móttöku nýliða hjá öllum starfsstöðvum embættisins og voru verklök í janúar 2025.

¹ Nýr kjarasamningur Sameykis og Reykjavíkurborgar var undirritaður um miðjan júní 2024 og hafði hann áhrif á möguleika stofnana borgarinnar til þjónustu Starfsmenntar. Starfsmennt lauk engu að síður við bæði ráðgjafaverkefni og skilaði niðurstöðum til borgarinnar annars vegar í júní og hins vegar í ágúst.

6. ÞRÓUNARVERKEFNI, SAMSTARF OG KYNNINGAR

Starfsmennt tekur þátt í ýmis konar þróunarverkefnum á sviði starfsþróunarmála, bæði innlendum og erlendum, og kynnir þjónustu sína hvenær sem færi gefst.

Samstarf um þróun fullorðinsfræðslu og mannauðsstjórnun

Starfsmennt er aðili að Leikn, samtökum fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi og var aðalfundur samtakanna haldinn á Teams þann 21. júní 2024.

Starfsmennt á fulltrúa í stjórn faghóps um mannauðsstjórnun hjá ríkinu hjá Mannauði, félagi mannauðsfólks. Hópurinn hefur verið starfandi frá miðju ári 2022 og hefur það markmið að efla samtal og samvinnu um markvissa mannauðsstjórnun hjá ríkisstofnunum. Samskonar hópur er starfandi fyrir mannauðsfólk sveitarfélaganna og fylgist Starfsmennt með umræðu á þeim vettvangi.

Framkvæmdastjóri á sæti í sérfræðingahópi EPALE hér á landi, sem er samstarfsnet fullorðinsfræðsluaðila í Evrópu og Rannís sér um fyrir Íslands hönd. Framkvæmdastjóri sótti f.h. EPALE á Íslandi viðburð á vegum evrópska samstarfsnetsins sem haldinn var í Bologna á Ítalíu í október.

Verkefni um hæfnigreiningu fjögurra starfa lauk í árslok 2024 en til stóð að greina hæfnikröfur starfa stuðningsfulltrúa í skólum, skólaritara, umsjónarmanna fasteigna og skólaliða í grunnskólum. Nokkrir sjóðir höfðu samþykkt þátttöku í kostnaði við vinnu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífs (FA) sem sá um greiningarvinnuna. Unnið var eftir aðferðafræði FA og með þátttöku starfsfólks og stjórnenda sem þekkja vel til starfanna. Þremur hæfnigreiningum tókst að ljúka og má finna niðurstöður í formi starfaprófila á vef FA. Ekki náðist lágmarksþátttaka í hæfnigreiningu starfs skólaliða í grunnskólum m.a. vegna breytinga hjá nokkrum sveitarfélögum á umgjörð starfsins og starfsheiti þess og var því ákveðið að hætta við það verkefni.

Fréttabréf og kynningar

Starfsmennt nýtir veffréttabréf og samfélagsmiðla til að vekja athygli á námskeiðum, ráðgjöf og málefnum sem tengjast fræðslu og mannauðsefningu. Það hefur sýnt sig að veffréttabréfin ná helst til markhópsins og voru send út 60 slík árið 2024 til ríflega fimm þúsund viðtakenda sem hafa skráð sig á póstlista Starfsmenntar.

Sérstakur markpóstur er af og til sendur á afmarkaða hópa og voru árið 2024 sendir nokkrir slíkir m.a. á starfsfólk sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, sem starfar með fötluðum, til að vekja athygli á námskeiðum sem haldin eru í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Í tilefni af forvarnaráttakinu *Gulur september*, sem er ætlað að auka meðvitund fólks um mikilvægi geðræktar og sjálfsvígisforvarna, sendi Starfsmennt sérstakan markpóst á stjórnendur og mannauðsfólk til að vekja athygli á námskeiðum sem styðja við vellíðan og ánægju í starfi.

Starfsmennt hélt áfram að læra af stofnunum og sótti mannauðssvið Háskóla Íslands heim á vormánuðum. Í kjölfar heimsóknarinnar var ákveðið að Starfsmennt tæki að sér að greina fræðsluþarfir starfsfólks tveggja sviða stofnunarinnar (sjá umfjöllun í kafla 5).

Í lok hvers samstarfsverkefnis með stofnunum á sviði *Ráðgjafa að láni* er haldin kynning á helstu niðurstöðum og rætt um næstu skref og möguleika á áframhaldandi samstarfi.

Aðrar kynningar:

- Matvælaráðuneyti, 15. febrúar. Almenn kynning á mikilvægi símenntunar og möguleikum starfsfólks á vettvangi Starfsmenntar. Framkvæmdastjóri Starfsþróunarseturs háskólamanna kynnti einnig styrkmöguleika hjá Setrinu.
- Starfsfólk skrifstofu Sameykis, 3. apríl. Almenn kynning á starfsemi Starfsmenntar og hvaða hæfni er talin mikilvæg á vinnumarkaði framtíðarinnar.
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 9. apríl. Almenn kynning á starfsemi Starfsmenntar og möguleikum starfsfólks og stofnana borgarinnar á vettvangi Starfsmenntar. Í kjölfarið var ákveðið að greina fræðsluþarfir starfsfólks í frístundastarfsemi (sjá umfjöllun í kafla 5).

- Mannauðsfólk ríkisins, 6. júní. Kjara- og mannauðssýsla ríkisins stóð fyrir viðburði um könnun á stafrænni færni sem ríkið stendur fyrir. Samhliða voru kynntir möguleikar stofnana og starfsfólks til markvissrar símenntunar á vettvangi Starfsmenntar, Starfsþróunarseturs háskólamanna og hjá Þróunar- og símenntunarsjóði Sameykis.
- Landspítali - háskólasjúkrahús, 14. júní. Almenn spjall um samstarfsmöguleika sem leiddi af sér samstarf um gerð námslýsinga fyrir ófaglært starfsfólk í umönnun (sjá umfjöllun í kafla 5).
- Í ágúst birtust auglýsingar bæði í Skólablaði Morgunblaðsins og Heimildinni.
- Þing BSRB, 2. - 4. október. Starfsmennt var með kynningarbás á opunardegi þingsins og afhenti gestum ýmis konar kynningarefni.
- Þing BSRB, 3. október, framkvæmdastjóri hélt erindi um tækifæri til sí- og endurmenntunar á vettvangi Starfsmenntar fyrir málefnaþóp um framtíðarvinnumarkaðinn.
- Mannauðsdagurinn, 4. október. Starfsmennt var með kynningarbás á sýningarsvæðinu í Hörpu og afhenti gestum ýmis konar kynningarefni. Í tengslum við Mannauðsdaginn var gefið út sérblað með Morgunblaðinu um mannauðstengd málefni og í því mátti finna heilsíðuumfjöllun um starfsemi Starfsmenntar.
- Sveitarfélag ársins, 17. október. Framkvæmdastjóri hélt erindi á viðburðinum um hvatningu til símenntunar.



Bás Starfsmenntar á Mannauðsdeginum í Hörpu

7. FJÁRMÖGNUN OG REKSTUR

Heildartekjur árið 2024 námu ríflega 208 m kr og er það um 10% samdráttur frá fyrra ári þegar tekjurnar námu ríflega 231 m kr. Tekjur vegna seldra námskeiða og sérverkefna voru 16% hærri árið 2024 en árið á undan en skila þurfti hluta af framlagi Fræðslusjóðs til náms- og starfsráðgjafar þar sem ásóknin var minni en áætlað var. Hrein eign í árslok 2024 nam tæplega 239 m kr. Yfirlit yfir hlutfallslega skiptingu rekstartekna má sjá í töflu 7.


Tafla 7 Hlutfallsleg skipting rekstrartekna árin 2019-2024						
	2024	2023	2022	2021	2020	2019
Samkvæmt skilagreinum stofnana	80,4%	85,1%	83,0%	63,8%	74%	50,3%
Þróunar- og símenntunarsjóður Sameykis	0,0%	0,0%	0,5%	0,0%	6,6%	26,7%
Þróunar- og símenntunarsjóður bæjarstarfs- mannafélaga hjá ríkinu	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	1,1%
Námskeiðstekjur og verkefnastyrkir	19,6%	15,2%	16,1%	35,9%	17,0%	19,9%
Fræðslusjóður/Fræðslumiðstöð atvinnulífs	0,0%	-0,3%	0,4%	0,3%	2,4%	2,0%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Heildarútgjöld Starfsmenntar hækkuðu milli ára úr tæplega 175 m kr árið 2023 í tæplega 183 m kr árið 2024. Kostnaður vegna náms og þjónustu var ríflega 11 m kr hærri árið 2024 en árið á undan og nemur fjórðungi heildarútgjalda Fræðslusetursins. Kostnaður vegna launa og annars reksturs lækkaði milli ára um tæplega 4 m kr. Kynningarmál voru enn í brennidepli árið 2024 líkt og árið á undan og var kostnaður svipaður bæði árin. Árið 2024 nam launakostnaður tæplega 57% útgjalda en annar rekstrarkostnaður nam 18% útgjalda, sjá nánar í töflu 8.

Tafla 8. Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda árin 2018-2023						
	2024	2023	2022	2021	2020	2019
Launakostnaður	56,6%	56,7%	60,8%	54,6%	51,8%	49,9%
Annar rekstrarkostnaður	18,0%	23,3%	20,0%	19,8%	16,5%	15,7%
Nám og þjónusta	25,4%	20,0%	19,2%	25,6%	31,6%	34,4%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Hlutfallsleg skipting kostnaðar þjónustuliða

Breyting var gerð á því hvernig kostnaður vegna náms og fræðslu er bókaður m.a. til að greina betur á milli kostnaðar vegna náms einstaklinga og vegna fræðslu sem fer fram í samvinnu við stofnanir. Hlutfallsleg skipting kostnaðar eftir þjónustuliðum sýnir að nám einstaklinga tekur mest til sín eða 65% af heildarútgjöldum til þessa þáttar árið 2023 og 77% árið 2024. Fræðsla í samvinnu við stofnanir nam 19% af heildarútgjöldum til náms og þjónustu árið 2024 en var 30% árið á undan. Bein útgjöld vegna annarrar þjónustu þ.e. náms- og starfsráðgjafar, mannauðsráðgjafar og þróunarverkefna var mun lægri bæði árin enda fellur kostnaður vegna þessa þjónustuliða að langmestu leyti undir almennan launakostnað þar sem verkefnin eru að stærstum hluta unnin af sérfræðingum Starfsmenntar.



Útgjöld vegna náms og fræðslu

Í kafla 4 var fjallað um hvert umfang náms á vettvangi Starfsmenntar var árið 2024 talið í nemendastundum. Það ár nam nám stofnana um 29% af heildarumfangi náms en nám einstaklinga, að námi í framhaldsskólum frátöldu¹, nam um 71% af heildarumfangi náms á vettvangi Starfsmenntar.

Þegar kostnaðurinn við nám og fræðslu er skoðaður út frá sömu skiptingu má sjá að nám einstaklinga tekur mun meira til sín en nám hjá stofnunum. Þannig námu útgjöld Starfsmenntar vegna náms einstaklinga 80% af heildarútgjöldum vegna náms og fræðslu árið 2024 (sjá töflu 9).

Tafla 9. Útgjöld vegna náms og fræðslu árið 2024		
	Kostnaður í kr	Hlutfall
Nám og fræðsla hjá stofnunum	8.945.684	20,0%
Starfstengt nám framhaldsfræðslunnar	1.386.000	3,1%
Starfstengt nám framhaldsskóla	2.470.240	5,5%
Annað nám einstaklinga	31.990.168	71,4%
Alls	44.792.092	100,0%

¹ Sjá útskýringu í kafla 4.

VIÐAUKI - YFIRLIT YFIR NÁM OG FRÆÐSLU ÁRÍÐ 2024

Í yfirlitinu er þáttakendafjöldi á samskonar námskeiðum settur saman í eina tölu. Yfirlitið endurspeglar því ekki heildarfjölda námskeiða eins og fram kemur í töflum 1 og 2.

Innihald náms/heiti náms	Þátttaka	Lengd í klst	Nem.-stundir	Vef-/staðnám
Bókhald, fjármál og opinber innkaup				
Akra Gerð rekstraráætlana fyrir fagstjórnendur	13	1,0	13	V
Akra Gerð rekstraráætlunar án launahluta	10	1,0	10	V
Akra Gerð rekstraráætlunar með launahluta	50	1,0	50	V
Akra Gerð rekstraráætlunar með launahluta, vaktavinnustofnun	13	1,0	13	V
Akra Grunnnámskeið	35	1,0	35	V
Akra Viðfangalíkanið	25	1,0	25	V
Akra Yfirferð rekstraráætlana hjá ráðuneytum	6	1,0	6	V
Innkaupaskólinn Grunnnámskeið í opinberum innkaupum	43	6,0	258	V
Innkaupaskólinn Rammasamningar við opinber innkaup	26	3,0	78	V
Innkaupaskólinn Sjálfbær innkaup	38	3,0	114	V
Sýslumenn-Þjónustufulltrúar II TBR-V og TBR-G og fjármál á island.is	71	2,0	142	V
Alls	330		744	
Kjara- og starfsmannamál				
Afgreiðsla launa hjá ríkinu	17	3,0	51	V
Forsendur launaútreikninga	21	2,0	42	V
Kjarasamningar og ákvörðun launa - starfsmat sveitarfélaga	33	2,0	66	V
Laun og vinnutími	31	5,0	155	V
Lestur launaseðla	21	1,0	21	V
Opinber vinnumarkaður, kjarasamningar og ákvörðun launa - stofnanasamningar ríkisins	21	3,0	63	V
Óvinnufærni, veikindaréttur, slysatryggingar, foreldra- og fæðingarorlof	39	3,0	117	V
Upphaf starfs, starfsskyldur og starfslok	15	9,0	135	V
Vinnufyrirkomulag, vinnutími og hvíldartími	21	2,5	52,5	V
Alls	219		702,5	
Opinber stjórnsýsla og skjala- og gæðastjórnun				
Stjórnsýsla og lagaumhverfi hins opinbera og málsmeðferð	13	3,0	39	V
Fyrirmyndar skjalastjórn - aðferðir og hagnýt ráð	19	6,0	114	V
Sýslumenn Skjalamál I: Lög, reglur og grundvallaratriði	71	1,5	106,5	V
Sýslumenn Skjalamál II: framhald	44	1,5	66	V
Sýslumenn Skjalamál III: Rafræn skjalakerfi	51	1,0	51	V
Alls	198		376,5	
Stjórnun-, samskipti og heilbriggt vinnumhverfi				
Að leiða teymi	64	1,0	64	V
Að lifa breytingar - breytingastjórnun	42	2,0	84	V
Áfallamiðuð nálgun á vinnustað	21	3,0	63	V
Árangursrík samskipti	6	4,0	24	S
Erfið starfsmannamál	3	4,0	12	S
Fagleg hegðun og samskipti á vinnustað	13	3,0	39	S
Gáfaða dýrið - rýnt í samspil vitsmuna og tilfinninga	4	4,0	16	S
Geðheilbrigðir stjórnendur - Mental vinnustofa	20	3,0	60	S

Innihald náms/heiti náms	bátttaka	Lengd í klst	Nem.-stundir	Vef-/staðnáam
Góð geðheilsa, sterkari stofnun!	39	2,0	78	V
Heilaheilsa og þjálfun hugans	11	7,0	77	S
How to manage a diverse team	3	4,0	12	V
Jákvæð vinnustaðamenning skiptir máli!	14	3,5	49	S
Leiðtogahæfni- hvernig virkjum við leiðtogahæfileika okkar?	32	2,0	64	V
Mannauðsmál hjá hinu opinbera – aðferðir mannauðsstjórnunar	21	6,0	126	V
Mannauðsstjórnunarhlutverk stjórnenda	44	1,5	66	V
Sálræn áföll - áfallamiðuð nálgun og þjónusta	5	4,0	20	V
Samningatækni	25	1,5	37,5	V
Sáttamiðlun	14	3,0	42	V
Sáttamiðlun	24	1,5	36	V
Stoppa tímann eða vera með?	25	2,0	50	V
Vellíðan starfsfólks	14	3,0	42	V
Viðbrögð stjórnenda við tilkynningu um EKKO á vinnustað	1	4,0	4	S
Dómstólasýslan Jákvæðni og vellíðan í lífi og starfi	11	1,5	16,5	V
Fangelsismálastofnun Félagastuðningur Viðrunarfundir	9	3,0	27	S
Fangelsismálastofnun Sálræn fyrsta hjálp	9	3,0	27	S
HBS Rétt líkamsbeiting og vellíðan við vinnu	7	2,0	14	S
HÍ FTS Gerum gott betra	14	2,0	28	S
Isavia Tímamót og tækifæri	17	7,5	127,5	S
LRH Erfið samskipti, viðbrögð og úrvinnsla	25	3,5	87,5	S
Samgöngustofa Haaaaaamingjan- hún er hér, hún er hér	13	3,0	39	S
Skatturinn Stoppa tímann eða vera með?	36	1,5	54	V
Skatturinn Streita og streitustjórnun	26	1,5	39	V
SSH Jákvæðni og vellíðan í lífi og starfi	14	3,0	42	S
SSH Líkamsbeiting	11	2,0	22	S
SSH Mótlæti og seigla	15	2,0	30	V
Sýslumenn Að brynja sig gegn áreiti og losa sig úr vinnufötunum	45	1,5	67,5	V
Sýslumenn Að róa aðstæður	58	1,5	87	V
Alls	755		1.773,5	
Þjónustustjórnun				
20 góð ráð í þjónustusímsvörum	21	10,0	210	V
8 lyklar að árangursríkum tölvupóstsamskiptum	16	10,0	160	V
Árangursrík samskipti í þjónustu	26	12,0	312	V
Erfiðir þjónustuþegar /viðskiptavinir	42	10,0	420	V
Árbæjarlaug ÚPS! Gleymdist sundskýlan? Krefjandi samskipti fyrir starfsfólk sundlauga	15	2,0	30	S
Dómstólasýslan Leiðir til að takast á við krefjandi viðskiptavini	13	1,5	19,5	V
Frihafnarskólinn Námskeiðslota 2024 - verslun	26	38,0	988	S
Frihöfnin - Nýliðanámskeið - Sölutækni og þjónusta	56	3,0	168	S
Frihöfnin Training 2024 - Warehouse (Lager)	7	28,0	196	S
Skatturinn Samskipti og símsvörum	20	1,0	20	V
Sýslumenn Sáttamiðlun	95	2,0	190	V
Sýslumenn Sáttamiðlun vinnustofa	19	3,0	57	V

Innihald náms/heiti náms	Þátttaka	Lengd í klst	Nem.-stundir	Vef-/staðnáms
Vesturbæjarlaug ÚPS! Gleymdist sundskýlan? Krefjandi samskipti fyrir starfsfólk sundlauga	20	2,0	40	S
Alls	376		2.810,5	
Tölvur og upplýsingatækni				
Almennt tölvunám	25	60,0	1.500	V
Excel - Pivot	17	7,0	119	V
Excel I	54	18,0	972	V
Excel II	40	18,0	720	V
Fjársjóður Google og vefsíðugerð	5	18,0	90	V
Hugarkort (mindmap)	26	18,0	468	V
Margmiðlun og kynningar í PowerPoint	11	18,0	198	V
Microsoft Power BI	11	8,0	88	S
Power BI	47	12,0	564	V
Microsoft Planner og Teams	6	3,0	18	V
Microsoft Teams	46	12,0	552	V
Microsoft Teams fyrir virka notendur	15	3,0	45	V
Microsoft Teams og OneDrive	6	3,0	18	V
Myndvinnsla með snjalltækjum	38	18,0	684	V
Outlook, verkefna- og tímastjórnun	58	18,0	1.044	V
Photoshop, myndvinnsla	16	18,0	288	V
Publisher, upplýsingamiðlun	8	18,0	144	V
SharePoint	48	12,0	576	V
Tölvuleikni og Windows stýrikerfið	5	18,0	90	V
Vefsíðugerð í Wix	22	18,0	396	V
Word I	11	18,0	198	V
Word II	5	18,0	90	V
Dómstólasýslan Excel I	1	18,0	18	V
Dómstólasýslan SharePoint	2	12,0	24	V
Dómstólasýslan Verkefna- og tímastjórnun í Outlook	1	18,0	18	V
Dómstólasýslan Word I	1	18,0	18	V
Dómstólasýslan Word II	1	18,0	18	V
Fangelsismálastofnun Excel I	1	18,0	18	V
Fangelsismálastofnun Microsoft Teams	3	12,0	36	V
Fjársýslan Microsoft Teams og OneDrive for Business	59	3,0	177	S
Fjársýslan Microsoft Teams og OneDrive for Business	36	3,0	108	V
Fjársýslan SharePoint Grunnur	58	3,0	174	S
Fjársýslan SharePoint Grunnur	41	3,0	123	V
Fjársýslan SharePoint ofurnotendur	20	3,0	60	S
Landhelgisgæslan Excel I	4	18,0	72	V
Landhelgisgæslan Excel II	4	18,0	72	V
Landhelgisgæslan Margmiðlun og kynningar í Powerpoint	1	18,0	18	V
Landhelgisgæslan Microsoft Teams	4	18,0	72	V
Landhelgisgæslan Photoshop	2	18,0	36	V
Landhelgisgæslan Power BI	2	18,0	36	V
Landhelgisgæslan Word II	1	18,0	18	V
Skatturinn Excel I	55	18,0	990	V
Skatturinn Excel II	42	18,0	756	V

Innihald náms/heiti náms	bátttaka	Lengd í klst	Nem.-stundir	Vef-/staðnám
Sýslumenn Excel I	1	18,0	18	V
Sýslumenn Margmiðlun og kynningar í Powerpoint	1	18,0	18	V
Sýslumenn Microsoft Teams	1	12,0	12	V
Sýslumenn Power BI	1	12,0	12	V
Alls	863		11.784	
Gervigreind og stafrænt öryggi				
Gervigreind fyrir venjulegt fólk	16	3,0	48	S
Gervigreind og færni í fullorðinsfræðslu - Tækifæri og áskoranir	18	1,0	18	V
Hagnýtar gervigreindarlausnir - lærðu að skapa virði með ChatGPT	15	6,0	90	S
Hagnýtar gervigreindarlausnir - lærðu að skapa virði með ChatGPT	15	7,0	105	S
Hámörkum árangur með gervigreind - greining og ákvarðanir	5	8,0	40	S
Spunagreind í þína þágu - hagnýting ChatGPT	12	3,0	36	S
Listin að hakka fólk - Ertu að láta plata þig?	21	1,0	21	V
Listin að hakka fólk - Sálfræði hakkarans	17	1,0	17	V
Netöryggi á Íslandi	9	3,0	27	V
Hagnýt siðfræði	31	1,0	31	V
Alls	159		433	
Verkefnastjórnun				
Verkefnastjórnun - fyrstu skrefin	12	4,0	48	S
Verkefnastjórnun - fyrstu skrefin	12	4,0	48	V
HBS Betri tíma- og verkefnastjórnun	7	1,5	10,5	S
Alls	31		106,5	
Inngilding og menningarnæmi				
Hinsegin 101	9	1,0	9	V
Inngildandi vinnustaðamenning/Viðeigandi aðlögun á vinnustað - fatlað fólk á vinnumarkaði	52	1,0	52	V
Menningarlæsi - Samskipti við erlenda gesti	13	10,0	130	V
Service Quality, Hospitality and Cultural Differences	1	10,0	10	V
Styðjandi umhverfi fyrir trans fólk á vinnumarkaði	45	1,0	45	V
Fangelsismálastofnun Menningarnæmi	41	3,0	123	V
Skatturinn Menningarlæsi - Samskipti við erlenda gesti	7	10,0	70	V
Sýslumenn Ólíkir menningarheimar og viðhorf	48	1,5	72	V
Alls	216		511	
Íslenska sem annað mál				
A.1.2 Íslenska sem annað mál (2.lota) Icelandic as a second language (2nd part)	2	6,0	12	V
A.2.2 Íslenska sem annað mál (1. hluti) Icelandic as a second language (1. part)	4	6,0	24	V
B.1.1 Íslenska sem annað mál (1.hluti) Icelandic as a second language (1.part)	1	6,0	6	V
Icelandic A1 Intermediate	7	40,0	280	V
Icelandic B1/B2 Grammar for the Advanced	4	40,0	160	V
Íslenska 3 - Áfram veginn I A2.1	1	40,0	40	S
Alls	19		522	

Innihald náms/heiti náms	bátttaka	Lengd í klst	Nem.-stundir	Vef-/staðnám
Nám framhaldsfræðslu og framhaldsskóla				
Fagnám í umönnun fatlaðra (framhaldsfræðsla)	15	324,0	4.860	V
Velferðartækni (framhaldsfræðsla)	15	40	600	V
Félagliðabraut (framhaldsskóli)	41	Ekki skráð	Ekki skráð	S
Stuðningsfulltrúar í skólum (framhaldsskóli)	14	Ekki skráð	Ekki skráð	S
Alls	85		5.460¹	
Sérhæft nám				
Skynjun og skynúrvinnsla - leiðir að betri líðan notenda öldrunarþjónustu	3	6,0	18	S
Hússtjórnarkerfi - rekstur og viðhald	13	7,0	91	V
Raki og mygla í húsum 1	4	6,0	24	S
Grænt-Vænt og Vegan með Ylfu	5	4,5	22,5	S
Rétt varnarviðbrögð - öryggi í starfi	9	3,0	27	S
Dómstólasýslan Varnarviðbrögð, æfingar	18	2,0	36	S
Dómstólasýslan Varnarviðbrögð, fyrirlestur	20	1,0	20	V
SSH Einhverfa fullorðinna	15	3,0	45	V
SSH Einhverfa fullorðinna	29	3,0	87	S
SSH Innkoma nýliða	58	5,5	319	S
SSH Mentor I - Þjónandi leiðsögn	11	15,0	165	S
SSH Nauðung í starfi með fötluðu fólki	57	3,0	171	V
SSH Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir - Tjáning og tölvur	11	3,0	33	S
SSH Öldrun fatlaðs fólks	40	3,0	120	V
SSH Skaðaminnkandi hugmyndafræði	16	3,0	48	S
SSH Skipulögð vinnubrögð í daglegum stuðningi við fatlað fólk	24	3,0	72	S
SSH Skyndihjálp I	64	3,0	192	S
SSH Skyndihjálp II	47	3,0	141	S
SSH Skyndihjálp III	26	3,0	78	S
SSH Skyndihjálp upprifjun	18	3,0	54	S
SSH Þjónandi leiðsögn	31	3,0	93	V
SSH Þjónandi leiðsögn	32	3,0	96	S
SSH Umönnun fatlaðra	20	3,0	60	S
SSH Varnarviðbrögð	35	3,0	105	S
Suðurnesjabær Þjónandi leiðsögn	26	3,0	78	S
Alls	632		2.195,5	
Samtal um starfsþróun				
Samtal við náms- og starfsráðgjafa	25	1,0	25	B
Starfsþróunardagur framhaldsskólanna	13	1,0	13	S
Alls	38		38	

¹ Nemendastundir reiknaðar út frá námi framhaldsfræðslunnar.

